



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/87

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1058
komudagur 9. 3. 1998

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Telefax: +354-568 9664
6. mars 1998.

Alþingi,
-allsherjarnefnd-
nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík.

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, 443. mál,
öndunarsýni.**

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Eftirfarandi skal tilfært af því tilefni:

Á síðasta vori samþykkti Alþingi breytingar á umferðarlögum, sem gerir kleift að láta sönnun um meint ölvunrástand ökumanns fara eftir vínandamagni í lofti, sem hann andar frá sér. Hér var um nýmæli að ræða, en til þessa hefur í raun blóðsýni verið grundvallarsönnunargagn í þessu efni. Það frumvarp, sem hér er til umfjöllunar, tekur í fyrsta lagi til þess að samræma gjaldtökuheimildir vegna öndunar- og blóðsýna. Þá er í frumvarpinu mælt fyrir um heimild til að svipta menn ökuréttindum, neiti þeir eðlilegri samvinnu við lögreglu við töku öndunarsýnis.

Báðir þessir efnisþættir frumvarpsins eru í eðlilegu framhaldi af þeirri stefnumörkun löggjafans, að heimila öndunarsýni sem sönnunargagn í málum varðandi ölvunarakstur. Samband íslenskra tryggingafélaga gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson